



**Fræðslunefnd Blönduós bæjar - 10. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 5. maí 2015
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Anna Kristín Davíðsdóttir, formaður
Helgi Haraldsson, aðalmaður
Linda Sóley Guðmundsdóttir, varamaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, varamaður
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir, leikskólastjóri
Sigríður Helga Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi kennara
Sanna Hólm Kristjánsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra

Fundargerð ritaði: Erla Ísafold Sigurðardóttir,

Dagskrá:

1. Reglur leikskólans Barnabæjar, erindi frá sveitarstjóra - 1505002

Erindi frá sveitarstjóra er breytingartillaga byggðarráðs á tillögum fræðslunefndar um breytingar á leikskólareglum. Fundarmenn furða sig á hversu seint þetta erindi kemur frá sveitarstjóra í ljósi þess að tillögur að nýjum reglum leikskólans voru samþykktar í fræðslunefnd 4. febrúar síðastliðinn og fram hefur komið í fundargerðum nefndarinnar síðan 1. september hvaða breytingar hafa verið fyrirhugaðar. Engar athugasemdir hafa verið gerðar af hálfu byggðarráðs fyrr en 19. febrúar síðastliðinn en þá fer byggðarráð fram á að sveitarstjóri óski eftir frekari upplýsingum og kostnaðarmati frá leikskólastjóra vegna tillaganna. Tæplega mánuði seinna óskaði leikskólastjóri eftir frekari upplýsingum hvar málið væri stadd og fékk þá í framhaldinu beiðni um kostnaðarmat vegna breytinga á gjaldtöku vegna sumarleyfa. Leikskólastjóri taldi ómögulegt að gera slíkt mat vegna óvissu um nýtingu á þessum möguleika. Þann 24. apríl vísaði byggðarráð reglunum með breytingartillögum til fræðslunefndar til frekari umfjöllunar. Í kjölfarið kallaði sveitarstjóri 3 nefndarmenn á sinn fund til að fara yfir breytingartillögur byggðarráðs, sem skyndilega snérust aðallega um inntökualdur leikskólabarna, og kom þar inná að rétt boðleið hafi ekki verið farin við umfjöllun og afgreiðslu þessa máls þar sem að leikskólastjóri hefði átt að beina erindi sínu til sveitarstjóra en ekki fræðslunefndar. Þessi athugasemd sveitarstjóra kemur flatt uppá nefndarmenn og telja þeir vegið að störfum þeirra og þeirri faglegu vinnu leikskólastjóra og hans starfsfólks sem verið hefur í gangi frá 1. september og byggðarráði verið fullkunnugt um allan þann tíma. Ljóst er að reglur innan sveitarfélagsins um réttar boðleiðir eru ekki nógu skýrar og þarf að gera bragarbót þar á. Fræðslunefnd hafnar erindinu og biður jafnframt byggðarráð og sveitarstjórn um að velta fyrir sér tilgangi fræðslunefndar.

2. Breytingar á fræðslunefnd - 1505003

Afgreiðslu frestað



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00
